



Verkalýðsfélag Vestfirðinga

Ísafirði 18. maí 2016

Ályktun um atvinnu- og kjaramál

Aðalfundur Verkalýðsfélags Vestfirðinga haldinn 18.maí 2016 kallar eftir ábyrgð stjórnvalda vegna áfalla sem dynja reglulega á vestfirskum sjávarplássum í formi tilflutnings aflaheimilda út af svæðinu. Með þeim hætti hafa Vestfirðingar í raun verið sviptir frumbyggjaréttinum, að nýta sjálf okkar helstu auðlind sem er gjöful fiskimið. Félagið kallar eftir raunhæfum hugmyndum varðandi byggðafestu aflaheimilda. Fundurinn krefst þess að strax verði gerðar viðeigandi ráðstafanir til að Vestfirðingar fái að nýta eigin auðlindir til að styrkja atvinnulíf og búsetu í fjórðungnum.

Aðalfundur hvetur aðildarfélög ASÍ til að standa áfram vörð um kjör alls launafólks og huga sérstaklega að kjörum láglaunafólks, eldri borgara og öryrkja. Allt launafólk verður að sýna samstöðu í báráttunni við láglaunagryluna. Við megum aldrei sætta okkur við þá misskiptingu sem er að festa sig í sessi í samfélaginu. Stéttarfélögin bera þá skyldu að tryggja kjör þessarra hópa umfram aðrar stéttir og berjast fyrir því af alefli.